



FUNDARGERÐ



LANDBÚNAÐARNEFND DJÚPAVOGSHREPPS

Fundur var haldinn í landbúnaðarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, þriðjudaginn 10. október 2017 kl. 15:30. Fundinn sátu Steinþór Björnsson formaður, Guðmundur Valur Gunnarsson og Gautur Svavarsson. Einnig Gauti Jóhannesson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. SB stjórnaði fundi. Dagskrá var eftirfarandi:

1. Erindi frá ábúendum á Blábjörgum

1. Erindi frá ábúendum á Blábjörgum

Á fundi sveitarstjórnar 14. september var erindi frá ábúendum á Blábjörgum varðandi meðmæli vegna hugsanlegra kaupa þeirra á ríkisjörðinni Blábjörgum vísað til landbúnaðarnefndar.

Fyrir fundinn fór landbúnaðarnefnd að Blábjörgum og skoðaði byggingar og ræktað land. Landbúnaðarnefnd sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ástand húsa og ræktunar eða ásýnd jarðarinnar almennt. Landbúnaðarnefnd telur, eftir skoðun á mannvirkjum á jörðinni að hún hafi verið vel setin og umhirða í góðu lagi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð prentuð út og staðfest.

Steinþór Björnsson

Guðm. Valur Gunnarsson

Gautur Svavarsson